

ÆFING: AÐ SAMRÆMA VÆNTINGAR

Æfingin fjallar um:

Að ígrunda væntingar og þarfir foreldra og hvernig við getum komið til móts við þær.

Svona gerið þið:

Setjist saman tvö og tvö.

Setjið ykkur í hlutverk móður eða föður tiltekins tvítyngds barns í leikskólanum og skoðið ykkur sjálf sem leikskólakennara/starfsmenn með augum foreldranna.

Ræðið eftirfarandi spurningu:

- Hvaða óskir og væntingar held ég að foreldrarnir hafi til samræðu okkar og samvinnu?

Farið úr hlutverkinu, verðið aftur þið sjálf og ræðið spurningarnar:

- Hvað get ég gert í daglegu starfi til að viðurkenna og koma til móts við óskir foreldranna?
- Hvað gera samstarfsmenn mínir sem ég gæti lært af?
- Hvaða væntingar hef ég /leikskólinn til foreldra sem er mikilvægt að ég upplýsi foreldrana um?